

Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 411/1992. **Tryggvi Einar Geirsson og
Þrotabú Ulrichs Falkner**

gegn

**Jan Gunnari Davidssyni og
Karli L. Magnússyni.**

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Réttaráhrif dóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. október 1992. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilar verði dæmdir in solidum til að greiða þeim kærumálskostnað.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til að greiða þeim kærumálskostnað.

Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málavöxtum og málsástæðum aðila er lýst í hinum kærða úrskurði. Óumdeilt er, að krafa samkvæmt skuldabréfi því, sem mál þetta fjallar um, var hluti kröfu, sem höfð var uppi af öðrum aðilum í máli, er dæmt var á bæjarþingi Reykjavíkur 31. október 1990. Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir úrlausn dómsins um kröfu þessa. Stefnendur málsins áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar, og biður málið flutnings. Í kæru og greinargerð sóknaraðila kemur fram, að við áfrýjunina hafi verið fallist á sjónarmið héraðsdómarans um það, hvaða skuldbindingar hefðu fallið undir a- og b-liði samkomulags frá 17. desember 1987 milli Sportlands hf. annars vegar og varnaraðilans Jans Gunnars Davidssonar og enska firmans David Storm Ltd. hins vegar. Einnig sé á það fallist, að Sportland hf. hefði ekki getað greitt andvirði skuldabréfs nr. 500688 í Iðnaðarbanka Íslands hf. til að fullnægja c- og d-liðum samkomulagsins. Við áfrýjun málsins sé því ekki lengur gerð krafa, sem byggist á því, að greiðsla ofangreinds skuldabréfs hafi verið meðal skuldbindinga samkvæmt samkomulaginu. Sóknaraðilar hafi við þetta

öðlast rétt yfir bréfinu að nýju, en þeir hafi áður framselt rétt sinn samkvæmt því til Sportlands hf. á þeirri forsendu, að greiðsla þess hefði verið þáttur í efndum samkomulagsins.

Dómkreftur stefnenda í fyrrnefndu bæjarþingsmáli lutu að samkomulaginu frá 17. desember 1987, þ. e. að riftun þess, endurgreiðslum og bótum, samtals að fjárhæð 9.017.073 krónur. Telja verður, að niðurstaða í því máli feli í sér synjun á því, að andvirði skuldabréfs nr. 500688 gæti nýst Sportlandi hf. við uppgjör á samkomulaginu við varnaraðilann Jan Gunnar Davidsson og hið enska fyrirtæki. Við áfrýjun þess máls var þeirri niðurstöðu héraðsdóms unað, eins og áður segir. Sóknaraðilar hafa síðan höfðað mál það, sem hér er til meðferðar, gegn varnaraðilum sem skuldara og ábyrgðarmanni bréfsins og krafist þess, að þeir endurgreiði þeim útlagða fjárhæð þess ásamt vöxtum og kostnaði. Verður ekki talið, að ákvæði 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sbr. áður 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936, standi því í vegi, að dæmt verði um þessa kröfu. Samkvæmt því verður hinn kærði frávísunarúrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Rétt þykir að dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðilum kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar.

Varnaraðilar, Jan Gunnar Davidsson og Karl L. Magnússon, greiði in solidum sóknaraðilum, Tryggva Einari Geirssyni og þrotabúi Ulrichs Falkner, 30.000 krónur í kærumálskostnað.